



Virkjanir í Neðri Þjórsá. Skipulag Gnúpverjahrepps

Hákon Aðalsteinsson

Greinargerð HA-94-02

Virkjanir í Neðri Þjórsá Skipulag Gnúpverjahrepps

Virkjunarhugmyndir:

Neðan Búrfellsvirkjunar er enn eftir um 126 m fall til sjávar. Ýmsar hugmyndir um virkjun þess hafa verið kannaðar. Fastur liður í þeim öllum er virkjun við Urriðafoss, sem jafnframt hefur reynst hagkvæmust. Ofan Urriðafoss er virkjanlegt fall frá minna Núpi niður undir Þjórsárholt, og við Búðafoss. Ýmsar hugmyndir hafa verið settar fram um virkjun þess, sitt í hvoru lagi eða saman, ýmist í farveginum eða með veitum út úr honum. Meðfylgjandi eru uppdrættir sem sýna hugmynd með virkjunum í farveginum (fjögurra þrepa), og Urriðafossvirkjun sérstaklega.

Helstu hugmyndir sem varða veitu út úr farveginum er annars vegar veita frá Árnesi niður Holtin og saman við Þjórsá neðan við Urriðafoss, og hins vegar úr lóni ofan við Minna Núp að lóni í Hælsmýri, þar sem jafnframt yrði inntakslón fyrir virkjun með frárennsli í Þjórsá í um 55 m y.s. Lauslegar áætlanir benda til þess veitu-virkjanir muni reynast hagkvæmar. Telja má líklegt að Orkustofnun vilji kanna nánar möguleikana sem felast í veitu að Hælsmýri, því að hún kæmi til samanburðar við virkjunarkosti, þar sem erfiðlega hefur gengið að finna hagkvæma kosti.

Skipulag Gnúpverjahrepps:

Urriðafossvirkjun er lengst komin í undirbúningi, og sú eina þeirra, sem líklegt er að komi til ákvörðunar á næstu 20 árum, sem væntanlegt skipulag gildir. Lagt er til að tilhögun Urriðafossvirkjunar verði sýnd á skipulagsuppdrætti, en hinna kostanna getið sem möguleikum í framtíðinni.